

Matarstígur Reykjaness

Hvað er það?

Matur og upplifun

Ástríðufullir veitingamenn, ægífögur náttúra og Atlantshafið með sínum fjársjóði allt í kring. Forvitnir heimamenn, ferðamenn og nautnaseggir geta nú „smakkað sig í gegnum Reykjanesið“ og notið sérvalinna smárétta veitingamanna á milli þess sem þeir drekka í sig náttúruvegurð utan almannaleiðar.

Sunnudagsbíltúrinn, íslensk fyrirtæki og hópar auk erlendra ferðamanna njóta öll góðs af samstilltu átaki veitingamanna á Reykjanesi þar sem vel er tekið á móti gestum enda Suðurnesjamenn höfðingjar heim að sækja.

Hver sérvalinn smakk diskur er kringum **2.000 kr.**, og tilvalinn fyrir tvo að deila svo að svangir gestir fari á sem flesta staði og upplifi sem mest.

Matarstígar Reykjaness er hluti af Matarkistu Reykjaness þar sem við leitumst við að finna leiðir til að auka upplifun gesta á svæðinu í gegnum mat og náttúru svæðisins.

Allur matur er fenginn úr sjó, sveit og fjöru Reykjaness.

Fylgist með okkur:



Matarkista Reykjaness — #matarkistareykjaness




MARKAÐSSTOFA
REYKJANESS



Matarauður
Íslands

visitreykjaness.is — markadsstofa@visitreykjaness.is

MATA R
KIS TA REY
KJ AN
ESS





Street food

Taco Bless — Fisk Taco Bless

Spriklandi sprækur þorskur úr sjónum á Reykjanesinu. Þorskurinn er djúpsteikur, baðaður í radísum, vorlauk, lárperu kremi, chipotle hrásalati og umvafinn kærleik í heimagerðum tortillum.

📍 Hafnargata 38, Keflavík, Reykjanesbær

Villaborgari — Villa Borgarinn er „einn með öllu“

Síðan 1979 hafa Suðurnesjamennt elskað og dáð Villa-borgara. Villaborgarinn veður í öllu sem góðri pulsu hæfir. Tómat- sinnep, steiktur, rauðkál og remúlaði skreyta uppáhald heimamanna, hamborgarinn hans Villa!

📍 Tjarnargata 9, Keflavík, Reykjanesbær

Fish & Chips — Fiskur og franskar

Heimsfrægi fiskurinn hans Issa er engu líkur. Brakandi ferskur fiskurinn, steiktu kartöflumar og heimagerða sósan hans Issa eru elduð af ást. Dýrindis daður við bragðlauka sem skilur engan sælkeran eftir ósnortinn.

📍 Fitjar Njarðvík, Reykjanesbær

Matarminjagripir

Urta Islandica ltd - Sjódavatn og sultur

Sjódavatn, spennandi og náttúruleg nýjung er kolsýrður jarðsjór beint úr borholu Urta í Keflavík sem nærir líkama og sál. Svart hraunkex með sælkerasultu Urta Islandica og sjódavatnið kveikir í nýjungagjörunum nautnaseggjum.

📍 Básvegur 10, 230 Keflavík, Reykjanesbær

Veitingastaðir

Kef Restaurant — Suðurnesja-Gellur eru geggjaðar

Djúpsteiktu gellurnar eru dónalega góðar þegar þær dansa með kartöflu, lárperu og sérvöldu salati. Gestir geta átt von á því að fara í langtímasamband við þennan dásamlega disk.

📍 Vatnsnesvegur 12-14, Keflavík, Reykjanesbær

Fish House — Ferskasta sjávarfangið fært í skál

Leynardómar hafsins lauma sér, fallegir og ferskir, í súpuskálina þar sem gómsætur grunnurinn tekur þeim fagnandi. Ljúffeng og bragðmikil fiskisúpa sem færir fjöruna í maga og munn.

📍 Hafnargata 6, Grindavík

Bryggjan Restaurant - Himnesk humarsúpa

Humarsúpa Bryggjunnar fær lof víða um heim og meðal annarra segir leikkonan fræga, Sigouney Weaver, í viðtali við Condé Nast Traveller, að besta máltíð sem hún hafi fengið á ferðlagi sé humarsúpan í sjávarþorpinu Grindavík!

📍 Midgardi 2, Grindavík

Matarstígur Reykjanes

Fyrir hverja?

- Forvitna ferðamenn - íslenska og erlenda
- Náttúruelskandi nautnaseggi

Hvað er í boði

- Matur og upplifun!
- Ljúffengir „smakkréttir“ á vinalegu verði
- Gómsætir götubitar og mögnuð matarupplifun
- Ægífögur náttúra á milli matarstoppa

„Smakkaðu“ þig gegnum Reykjanesið þar sem matur, menning og náttúra næra hvort annað.